

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

 Sjónlinan

Gleraugnaverslun

Fimmtudagur 9. febrúar 2017 | 6. tbl. 15. árg.

Upplag 10.500 eintök.

Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

Strandgötu, Hafnarfirði
Sími 555 7060
www.sjonlinan.is

ÁSLAND – ÚTSÝNI



Sérlega björt og falleg, vel skipulögð, 122,4 m² 4 herbergja endaíbúð á þriðju hæð (efstu) í litlu nýlegu fjölbýli í Áslandshverfinu. Húsið er klætt að utan, viðhaldslétt. Örstutt í skóla um göngustíga. Útsýni. Verð 42,9 millj. kr. Nánari uppl. veitir Hilmar Bryde s. 892 9694.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983



-stöðin

TAXI

Hafnfirski
leigubílastöðin

520 1212

Jón Arnluss
KÖKULIST



www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655



Strandgata 75 • 583 6000 • vonmathus.is • facebook.com/vonmathus

Vaxandi áhugi á atvinnulóðum á Völlum

Festi fær stóra lóða og Laugar vilja reysa líkamsræktarstöð

Svo virðist sem vaxandi áhugi sé á atvinnulóðum á Völlum en margar hverjar hafa verið óbyggðar til fjölda ára. Festi, sem rekur m.a. Krónuna og fleiri verslanir er á góðri leið með að fá stóra lóð að Norðurhelli 1, en aðeins vantar endanlega afgreiðslu bæjarstjórnar. Ekki náðist í forsvarsmenn Festis en ekki er ólíklegt að vilji sé til þess að opna þar nýja Krónu verslun og jafnvel fleiri verslanir með. Verður spennandi að sjá hvort bætt samgöngumannvirki geri það að verkum að enn fleiri vilji koma í þetta öfluga hverfi sem aðeins á eftir að stækka og eflast.

Þá eru Laugar ehf. að sama skapi að fá lóð undir líkamsræktarstöð að Tjarnarvöllum 7.

Sjá nánar á baksíðu.



Fáum við þriðju Krónuna í Hafnarfjörð?



Stofnuð 1988



Fjarðargötu 17

Sími: 520 2600

Opið virka daga kl. 9-17
as@as.is

www.as.is

 HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGGA



SÚPER TILBOD

9.995 kr

14.725 kr
Hleðsluborvél
Boxer, 18V, tvær 1.5Ah Li-ion rafhlöður,
hleðslutími 1 klst. Hersla 45Nm.
5245253

32%
afsláttur

SÚPER TILBOD

17.900 kr

27.495 kr
Borvél
Höggborvél, 18V, 2 x
1.3Ah Li-ion rafhlöður.

35%
afsláttur

HITACHI
Inspire the Next

SÚPER TILBOD

29.995 kr

45.995 kr
Hleðsluborvél
18V, + 100 fylgihlutir, 2 stk. 1.5Ah Li-ion rafhlæða, hersla
52Nm. Flott taska með skúffu undir bitasett fylgir.

34%
afsláttur



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarkúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarkúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 12. febrúar

**Messa og
sunnudagskóli kl. 11**

Starf eldri borgara

á miðvikudögum kl. 13:30



www.astjarnarkirkja.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Víðistaðakirkja

Sunnudagur 12. febrúar

Guðspjónusta kl. 11

Kór Víðistaðasóknar syngur.

Fræðsla um form og inntak messunnar.

Sunnudagaskólinn kl. 11

Umsjón: María og Bryndís.

Hressing í safnaðarsalnum
eftir guðspjónustur.

Biblíuleg íhugun og bæn

á þriðjudögum kl. 17:30.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:00.

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is

leiðarinn



Meirihluti bæjarstjórnar ákvað fyrir skömmu að taka sér gríðarlega hækun á launum sínum fyrir störf sín fyrir Hafnarfjarðarbæ. Var það réttlætt með því að áður hafði verið ákveðið að miða launin við þingfararkaup svo bæjarfulltrúar væru ekki að ákveða laun sín sjálfir. Með því eru þeir reyndar að ákveða laun sín og miða þau við laun þeirra sem ekki þurfa að semja um laun sín. Reyndar má horfa á það frá mörgum sjónarhornum hvort og hvernig launa skuli pólitíska vinnu fyrir sveitarfélagið sitt.

Mikilvægast er að gera störf kjörinna fulltrúa þannig að fólk geti sinnt þeim samhlíða sinni vinnu þannig að líklegri væri að fólk úr sem flestum stéttum þjóðfélagsins myndu áhuga á að hafa áhrif á stjórnun þess sveitarfélags sem það býr í. Það má spyrja sig hvort það sé eðlilegt að fólk sé komið með hátt í milljón kr. á mánuði fyrir ýmiststörf fyrir sveitarfélagið sem það fær í krafti pólitískrar stöðu sinnar og getur jafnvel úthlutað sér. Það má líka spyrja sig hvort eðlilegt sé að sveitarstjórnarfolk verði atvinnustjórnmálamenn og geri ekkert annað og verði þannig háðir launinum sínum umfram vilja bæjarbúa.

Í nágrannalöndum okkar eru sums staðar mun fleiri í sveitarstjórn og störfin dreifast á fleiri. Fundir eru haldnir utan hefðbundins vinnutíma og lengd þeirra er stíllt í hóf. Það kerfi sem við búum við í dag getur leitt af sér að völd hlaðast á fáa einstaklinga sem geta helgað allan sinn tíma í pólitíkina, völd sem geta valdið því að þeir hætta að horfa á heildarmyndina og láta þrýstihópa hafa áhrif á sig.

Hið pólitíska starf í Hafnarfirði hefur ekki verið þannig að það hvetji aðra til að taka þátt. Flokkadrættir, pukur, klíkumyndanir og fyrirfram ákveðinn mótvilji gagnvart öðrum hefur skemmt mikið fyrir. Enn einu sinni ítreka ég að Hafnarfirðingar kjósa 11 manns til að stjórna bænum, ekki meiri- eða minnihluta. Þeim flokkum sem hafa meirihluta ber skylda gagnvart íbúunum að fara vel með sitt vald. Og með fjármuni bæjarbúa.

Guðni Gíslason ritstjóri.

„Þetta snýst um að nenna að æfa“

Patrekur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Austurríkis flutti erindi á Föstudagsfjóri hjá FH sl. föstudag. Sjá nánar á www.fjardarfrettir.is



Ljóm.: Guðni Gíslason

Beðið eftir fari á flugvöllinn



Ljóm.: Guðni Gíslason

FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



ÚTFARARÞJÓNUSTA
HAFNARFJARÐAR



Frímann
s: 897 2468



Hálfán
s: 898-5765



Ólöf
s: 898 3075

www.uth.is - uth@uth.is

Stapahrauni 5, Hfj. - Sími 565-9775



8. APRÍL. **MANNAKORN**



18. MARS **U2 TRIBUTE**

**TAKK FYRIR
FRÁBÆRAR
MÓTTÖKUR**
NÝJIR VIÐBURÐIR
Í SÖLU



25. MARS. **SKÍTAMÓRALL**



7. APRÍL. **JÓN JÓNSSON**



UPPSELT

24. FEB.
STEBBI
OG EYFI



MIÐASALA HAFIN Á ALLA VIÐBURÐINA Á WWW.MIDI.IS

Líflegt á söfnun bæjarins á safnanótt



Ljóm: Guðni Glásson

Veðrið var ekki eins og best var á kosið og fólk hljóp í skjól undan rigningunni. – Ljósín á ráðhúsinu áttu að minna á norðurljósin.

Safnanótt sem er hluti af Vetrarhátíð á höfuðborgarsvæðinu, var haldin sl. föstudag. Í Hafnarfirði var sérstök dagskrá í Bókasafninu, Byggðasafninu og í Hafnarborg en opið var til kl. 11 um kvöldið.

BYGGÐASAFNIÐ

Í Byggðasafni Hafnarfjarðar var lesið upp úr minningabrotum ýmissa Hafnfirðinga, sagnakonan Sigurbjörg Karlsdóttir sagði sögu verkakvenna í Hafnarfirði og Ási og Hildur í Annríki kynntu baðstofuverkin og sýndu gamalt handverk.



Ljóm: Guðni Glásson

Dagur Hilmarsson les úr minningabrotum ýmissa Hafnfirðinga.



Björn Pétursson forstöðumaður Byggðasafns Hafnarfjarðar.



Ljóm: Guðni Glásson

Guðrún Hildur Rosenkjær, fyrir miðju, kynnir íslenskan þjóðbúning.

BÓKASAFNIÐ

Í Bókasafni Hafnarfjarðar var upplestur úr bókum, Sævar Helgi Bragason fræddi um stjörnuhimininn, áhugasamir fengur aðstoð við að hekla og dagskránni lauk með þungarokkstónleikum Meistarar dauðans. Ekki má gleyma bíósýningu þar sem gamla grínmyndin Spaceballs var sýnd.

HAFNARBORG

Í Hafnarborg var Fjölskyldusmiðja, leikur að litum, ljósi og skuggum, krakkar fengu að læra hreyfimyndagerð,

Ásmundur Kristjánsson smíðar silfurkeðju upp á gamla mátann.



Ljóm: Guðni Glásson



Ljóm: Guðni Glásson

Sagnakonan Sigurbjörg Karlsdóttir sagði sögu verkakvenna í Hafnarfirði.

hægt var að skyggast í geymslur safnsins og listamaðurinn Steingrímur Eyfjörð spjallaði við gesti og las í tarrotpil fyrir áhugasama.

Að sögn Ágústu Kristófersdóttur forstöðumanns mættu í allt um 300 manns í húsið og þátttaka í vinnu-smíðjum var góð. „Mest aðsókn var hjá okkur milli 18 og 21 efir það fer að draga úr og er það í takti við reynslu undanfarinna ára. Nú var stýtt í dagskránni og lauk henni kl. 23 í stað 24 áður. Það er stöðugur vöxtur í þessum viðburði og fleiri mæta nú en bæði 2015 og 2016,“ að sögn Ágústu.

„Okkur telst til að milli 4-500 gestir hafi komið í hús á milli kl. 18 og 23,“ segir Óskar Guðjónsson forstöðumaður Bókasafnsins. „Dagskráin var fjölbreytt, t.d. gátu ólíkir hópar eins og stjörnuhláparar, hekláhugafólk og þungarokkarar fundið eitthvað við sitt hæfi.



Töluverður áhugi var á heklinu í fönðurhorninu í Bókasafninu en þar má finna bækur um alls kyns handavinnu og áhugamál. Það má margt læra af bókum en ekki sakar leiðsögnin.



Kaffihúsaðstæmning var í Bókasafninu og búið að rulla bókahillum í burtu.



Þátttaka var reyndar nokkuð minni en í fyrra. Vætanlega skipti veðrið þar miklu. Í fyrra var kyrrt og gott veður, örlítið frost og fólk rætti greinilega á milli menningarhúsa bæjarins, en í ár

gekk á með hvassviðri og rigningarskúrum og gestir næturinnar voru greinilega á miklu minna húsaflakki,“ segir Óskar.



Listasmiðjan þar sem gestir fengu að prófa sig áfram í hreyfimyndagerð vakti greinilega mestan áhuga.



Frá sýningu Siggú Bjargar Sigurðardóttur, Rósu



Steingrímur Eyfjörð



Frá sýningu Steingríms Eyfjörð, Kvenhetjunni

Söngur og dans á Hvammi

Dagur leikskólanna var á mánudaginn




Ljóm: Guðni Glásson



Ljóm: Guðni Glásson

Krakkarnir sungu þjóðlegar visur og dönsuð af mikill innlifun.



Ljóm: Guðni Glásson

Stór myndavél! Ha, ha...

Það voru ekki bara börnin sem voru stolt, foreldrar stóðu spenntir hjá og mynduðu af gríð og erg.



Ljóm: Guðni Glásson

Hamagangur var í öskjunni þegar kassi með legókubbum var settur á gólfð.



Ljóm: Guðni Glásson

Stúlkurnar sungu glæsilega fyrir foreldra og afa og ömmur.

Dagur leikskólanna var á mánudaginn og var spennandi dagskrá í leikskólum bæjarins. Ljósmyndari Fjarðarfrétta kíkta við á leikskólanum Hvammi þar sem krakkarnir höfðu undirbúið sig vel, æft söngva og dansa.

Fjölmennt var þegar börnin sýndu foreldrum og fjölskyldum afraksturinn.



Ljóm: Guðni Glásson

Hvar verður þú í vetrarfríinu?

Komdu
frekar
nordur!

Skíðabúnaður
til leigu



Skíðaleigan okkar hefur á boðstólum búnað frá öllum helstu skíðaframleiðendum heims. Þú getur pantað búnaðinn á netinu áður en þú kemur í fjallið, á hlidarfjall.is

Skíða- og
brettaskólinn
allt vetrarfríð!



Skíða- og brettaskólinn er hugsaður fyrir 5-12 ára börn, jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna.



Hlíðarfjall
Akureyri

Sími: 462-2280

Opnunartíma má sjá á hlidarfjall.is

Fylgstu með Hlíðarfjall Akureyri á 

Ánægja í íþróttum og meirihluti æfir fimm sinnum í viku eða oftar!

Rannsókn og greining kynnti nýverið niðurstöður úr könnun meðal ungmenna sem stunda íþróttir innan UMFÍ og ÍSÍ.

Árið 2016 sögðust 60% nemenda í 9. og 10. bekk stunda íþróttir einu sinni í viku eða oftar. Á mynd 1 má sjá íþróttaiðkun með íþróttafélagi meðal nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla landsins árin 2003 til 2016. Eins og myndin sýnir lækkaði hlutfall nemenda sem sögðust nær aldrei stunda íþróttir úr 49% árin 2003 og 2006 í 37% árið 2010. Árið 2015 var hlutfallið 40% og hækkar nú, árið 2016 um eitt prósentu-stig.

Þá má einnig sjá að hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar hækkar stöðugt frá árinu 2003 til 2010, lækkaði lítið eitt aftur 2012 og hækkar nú árið 2016 um tvö prósentustig. Þannig stunda 41% nemenda á þessu aldersbili íþróttir með íþróttafélagi fjórum sinnum í viku eða oftar. Þeir nemendur sem segjast stunda íþróttir með íþróttafélagi einu sinni til þrisvar sinnum í viku lækkar aftur á móti úr 21% í 19%.

55% ÆFA FIMM SINNUM Í VIKU

Alls mældist 441 nemandi í 8.-10. bekk í Hafnarfirði stunda íþróttir með íþróttafélagi. 55% þeirra æfa 5 sinnum í viku, 41% æfa 4 sinnum í viku, 27% æfa sex sinnum í viku eða oftar en 3% æfa þrisvar í viku, og 1% einu sinni og tvisvar.

88% iðkenda segja vanalega gaman á æfingum en 5% er ósammála því. 83% er ánægðir með þjálfarinn sinn en 9% eru það ekki. Almennt er viðhorf iðkendanna mjög gott og þeir sem æfa mest eru ánægðastir með íþróttafélagið sitt.

ENGINN MUNUR Á REYKINGUM

Það vekur athygli að í Hafnarfirði greinist enginn munur á reykkingum 8.-10. bekklinga hvort þeir stunda



Litjan: Guðni Gleason

Sund er ein þeirra fjölmörgu íþróttagreina sem hægt er að stunda í Hafnarfirði.

íþróttir einu sinni eða oftar í viku eða stunda ekki reykkingar. Skv. könnuninni mælast 2% hafnirskru nemendanna reykja daglega. Á landinu öllu mælist marktækur munur þar sem 1% íþróttaiðkenda reykja en 3% þeirra sem ekki reykja.

Hins vegar er munurinn mun meiri þegar mældar eru reykkingar með rafretum þar sem 10% 8.-10. bekklinga sem stunda íþróttir hafa notað rafrettur einu sinni eða oftar um ævina. Hins vegar hafa 23% þeirra sem ekki stunda íþróttir prófað rafrettur.

Enginn munur mælist á notkun neftóbaks, þar sem 1% nemenda 8.-10. bekkja í Hafnarfirði hafa notað neftóbak einu sinni eða oftar sl. 30 daga. Hins vegar hafa 2% þeirra sem ekki stunda íþróttir notað munntóbak einu sinni eða oftar sl. 30 daga en 1% íþróttaiðkenda.

Virðast hafnirskir unglingar nota mun minna neftóbak og munntóbak en jafnaldrar þeirra á landinu öllu.

1% íþróttaiðkendanna hafa orðið ölvuð einu sinni eða síðastliðna 30 daga en 4% þess sem ekki iðka íþróttir. Er

það sambærilegt við landið allt. Hins vegar hafa 3% hafnirskra íþróttunglinga notað maríjúana einu sinni eða oftar um ævina en 2% á landinu öllu. 7% þeirra sem ekki stunda íþróttir hafa notað maríjúana einu sinni eða oftar um ævina og er sama hlutfall í Hafnarfirði og á landinu öllu.

HÆTTA VEGNA ÞESS AÐ ÞAÐ ER LEIÐINLEGT

Um 75% nemenda segja að ástæða þess að þeir hafi verið hætt sé vegna þess að þeim fannst leiðinlegt. Tæplega helmingur segja það hafi skipt máli að þeim fannst þeir væru lélegir. Um 76% segja það hafi skipt miklu máli að þau hafi fengið meiri áhuga á öðru en aðeins 41% tölu það skipta miklu máli að kostnaðurinn væri mikill. Það hlutfall var aðeins 36% á landinu öllu.

Mestu máli virðist þó hafa skipt að nemendurnir misstu áhugann en 84% nemenda nefndu það sem mikilvæga ástæðu þess að þeir hættu.

Skýrslan er mjög ítarleg og má finna undir fundargerð íþrótt- og tómstunda-nefndar 1. febrúar sl.

Vill endurbyggja Gunnarsbæ

Bær sem brann árið 1902



Mynd með umsátn


Bræðurnir Ingimar og Sturla Haraldssynir hafa ritað bæjaryfirvöldum bréf þar sem þeir óska eftir því að kannaðir verði möguleikar á að þeir fái úthlutaðri lóðinni við Gunnarssund 1. Er þetta lóð þar sem Gunnarsbær hinn eldri er talinn hafa staðið en Gunnar Gunnarsson sem byggði bæinn var langafi bréfrítara.

Hugmynd þeirra bræðra er að endurbyggja bæinn í upprunalegri mynd á lóðinni þar sem hann var byggður 1865 en bærinn brann 1902. Hafa þeir tekið saman greinargóðar lýsingar á bænum og ábúendum.

Telja þeir fjölmarga möguleika á nýtingu hússins, m.a. til að koma fyrir sýnginum á munum frá þessum tíma.

Nýtt hús var byggt á lóðinni en það var rífið árið 1991 og vítti byggingarnefnd embættismenn bæjarins fyrir að heimila niðurfíð án þess að málið væri lagt fyrir nefndina. Lóðin Gunnarssund 1 er beint fyrir aftan gamla Sjálfstæðishúsið, Strandgötu 29.

Skipulags- og byggingarráð tekur jákvætt í erindið og vísaði því til nánari skoðunar samhliða vinnu við húsa-skráningu vegna endurskoðunar á deiliskipulagi miðbæjarins



Mynd 1: Íþróttaiðkun með íþróttafélagi meðal nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla landsins árin 2003 til 2016

Smáralundur fékk aftur nafnið sitt

Hafði verið með götunafn í rúm fjögur ár



Ljóm: Guðni Gíslason

Börnin voru hæstánægð með nýja nafnið og sungu skólasönginn af gleði.

bæjarstjórn það nafn á fundi sínum 10. október 2012.

Nafnið olli oft nokkrum ruglingi, ekki síst götuskipti við Jófríðarstaðaveg sem merkti eina deild skólans, gamla Kató. Að vísu var skiltið í öðrum lit en götuskipti en fólk tók ekki alltaf eftir því.

Loksins nú fengu forsvarsmenn leikskólans því framgengt að leikskólinn fengi sitt nafn á ný og var



Ljóm: Guðni Gíslason

Sums staðar má láta hreyfipörfina fá útrás án þess að fara út.



Leikskólinn Smáralundur sem opnaður var fyrir 33 árum síðan.

það samþykkt á fundi fræðsluráðs 25. janúar sl.

SUNGU OG GLÖDDUST

Leikskólabörnin sungu og glöddust þegar nýi fáninn var dreginn að hún og sungu þau jafnframt afmælissönginn en skólinn miðar afmælisdaginn við 6.

Nýi fáninn dreginn að hún.

Nýr fáni leikskólans Smáralundur var tekinn í notkun við hátíðlega athöfn í dag. Leikskólinn sem tekinn var í notkun 3. febrúar 1984 fékk nafnið Smáralundur en eftir að leikskólinn Kató var sameinaður skólanum var efnt til nafnasamkeppni því ekki virtust menn una að annar hlutinn héldi nafninu en hinn ekki. Úr varð að skólinn fékk nafnið Brekkuhvammur eins og gatan við hlið hans og samþykkti



Ljóm: Guðni Gíslason

Inga Friða Tryggvadóttir leikskólastjóri, Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, þróunarstjóri á skólaskrifstofu og Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri.

SMÁUGLÝSINGAR**húsnæði í boði****Óska eftir 2-3 herb íbúð til leigu.**

Góð umgengni og skilvísar greiðslur.
Sími 894 7678. Helgi.

þjónusta**Tölvuaðstoð og viðgerðir**

Viðgerðir og kennsla í tölvunotkun.
Apple* & Windows. Kem í heimahúsi.
Sími 824 9938 - hjalp@gudnason.is

Bílaþríf. Kem og sæki. Tjörureinsun og
bón verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreins-
un. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

**Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide,
ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.**
Synishorn á siggileifa.123.is sími 8637265
siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is



Ljóm: Guðni Glásson

Það hefur ekki viðrað vel til skíða-
iðkunar í Bláfjöllum, skíðasvæði okkar
Hafnirfjörðinga. Þegar hefur gefið hefur
mátt aka Bláfjallavegin frá Krýsu-
víkurvegi, vilji menn aka framhjá mikl-
um viðvörðunarskiltum um að vegurinn
sé ófær. Hann hefur verið vel fær í vetur
og stýttir hann vegalengdina í Bláfjöllin

verulega, ekki síst fyrir þá sem búa á
Völlum.

Búið er að fjölga viðvörðunarskiltum
frá síðasta vetri og nú stendur ekki
aðeins að hann geti verið ófær því nýtt
skilti er komið sem skagar langt út á
vegin sem segir að hann sé ófær!

Of er talað um að eiga flóttaleið út úr
bænum og kannski er þess leið ágæt
flóttaleið fái hann vetrarþjónustu.

Hvað vill bæjarstjórn Hafnarfjarðar?
Vill hún að þjónusta við bæjarbúa verði
aukin og vegurinn fái vetrarþjónustu
enda sinnir hann miklu fleirum en
aðeins skíðafólki.

Evrópudraumurinn úti

Haukar sigruðu í síðari leiknum og voru grætilega nærri því að komast áfram

Haukar voru grætilega nærri því að
komast áfram í evrópukeppni kvenna í
handknattleik í síðari leiknum við
Quintus frá Hollandi á sunnudag en
Haukar töpuðu fyrri leiknum á laugar-
dag með 3 mörkum 26-29.



Ljóm: Guðni Glásson

Elin Jóna Þorsteinsdóttir varði vel.

Haukar byrjuðu vel og náðu meðst
4 marka forystu en staðan í hálfleik var
11-8 fyrir Hauka. Héldu stúlkurnar
uppteknum hætti í síðari hálfleik og
náðu mest 6 marka forskoti. Undir lok
leiksins náðu þær hollensku að bíta
aðeins frá sér og minnkuðu muninn í 2
mörk sem urðu úrslit leiksins og
draumur Hauka úti. Quintus vann við-
ureignina með aðeins einu marki 51-50.



Ljóm: Guðni Glásson

Maria Ines Da Silve Pereira nr. 10 og Ramune Pegarskyte stóðu sig vel.

Sem fyrr var Ramune Pegarskyte
lang markahæst Hauka með 11 mörk
og Cynthia Grift markahæst Quintus
með 8 mörk. Elin Jóna Þorsteinsdóttir
varði 9 skot í marki Hauka en Jesse van
de Polder varði 12 skot í marki Quintus
og Esther de Vos eitt.

Enn færri áhorfendur voru á leiknum
en á laugardag en þá voru þeir 200.



Ljóm: Guðni Glásson



Ljóm: Guðni Glásson

Á DÖFINNI

Fræðslufundur

Sálarrannsóknarfélagið í Hafnirfjörði
verður með fræðslufund í Safnaðar-
heimili Fríkirkjunnar við Linnetsstíg í
kvöld fimmtudag kl. 20. Heitt á
könnunni og frítt inn. Gestur fundarins
Hrönn Friðriksdóttir spámiðill og and-
legur leiðtogi.

Hafnarborg

Í aðalsal safnsins er sýningin Kven-
hetjan með verkum Steingrínns Eyfjörð
opnuð og í Sverrissal er innsætið
Siggu Bjargar Sigurðardóttur.

Trump á félagsfundi

Opinn félagsfundur Samfylkingarinnar
mánudag 13. febrúar kl. 20. Silja Bára
Ómarsdóttir ræðir ástandið í banda-
riskum þjóðmálum og svarar spurn-
ingum úr sal.

Sendið tilkynningar um viðburði á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

FJARÐAR fréttir



**Smelltu á
LIKE**

og skoðaðu myndir á
Facebook síðu Fjarðarfrétta

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Opnir tónleikar í Tónlistarskólanum

Gestir fá að njóta afrakstrar þemaviku skólans

Þessa viku er þemavika í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Þemavikan er árviss viðburður í febrúar og tengist jafnan Degi tónlistarskólanna sem nú ber upp á laugardaginn 11. febrúar. Að þessu sinni er aðalþemað samspil af ýmsum gerðum.

Á morgun, föstudag koma elstu nemendur leikskólanna í heimsókn í skólann og hlusta á nemendur skólans leika á hljóðfærin sín. „Það er tilhlökkun að fá þau í heimsókn, en gera má ráð fyrir að ekki færri en 320 börn úr 14 leikskólum komi í Tónlistarskólann þennan dag,“ segir Gunnar Gunnarsson skólastjóri.

Á Degi tónlistarskólanna sem er á laugardag er föst hefð að byrja kl. 10.00 með hljóðfærakynningu í Hásölum fyrir nemendur í forskóla II. Að lokinni hljóðfærakynningu gefst nemendum og foreldrum kostur á að fara í stofur og hitta þar fyrir kennara sem sýna hljóðfærin betur og segja frá helstu



Það er ávallt liflegt á Degi tónlistarskólanna.

atriðum í náminu á viðkomandi hljóðfæri.

Frá kl. 13 og fram eftir degi verða fjölmargir tónleikar á Torginu í skólanum og í Hásölum þar sem afrakstur þemavikunnar verður í boði. Allir eru hjartanlega velkomnir í Tónlistarskólann á Degi tónlistarskólanna laugardaginn 11. febrúar.

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

10. feb. kl. 19, Framhús

Fram - FH, bikarkeppni karla

10. feb. kl. 19.30, Ásvellir

Haukar - Selfoss, bikarkeppni karla

11. feb. kl. 16, Ásvellir

Haukar - Fram, úrvalsdeild kvenna

12. feb. kl. 17 Kaplakriki

FH - Fjölnir, I. deild kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

Afturelding - Haukar: (miðv.dag)

Quintus - Haukar: 22-24

Haukar - Quintus: 26-29

ÚRSLIT KARLA:

Gróttá - Haukar: 21-25

FH - Akureyri: 33-27

Fram - FH: 28-38

Haukar - Stjarnan: 22-24

Körfubolti:

15. feb. kl. 19.15, Ásvellir

Haukar - Njarðvík, úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Þór Ak.: 79-72

ÚRSLIT KVENNA:

Keflavík - Haukar: (miðv.dag)

Stjarnan - Haukar: 67-59

Haukar - Skallagrímur: 55-61

Fótbolti:

12. feb. kl. 15, Boginn

Þór/KA - FH, bikarmót kvenna - A deild

ÚRSLIT KVENNA:

Stjarnan - FH: 1-0

FÉLAGSFUNDUR

verður haldinn hjá Samfylkingunni í Hafnarfirði
mánudaginn 13. febrúar klukkan 20:00

Yfirskrift fundarins er:

Trump, Bandaríkin og Lady Liberty!

Á fundinn mætir Silja Bára Ómarsdóttir aðjúnkt við stjórnmalafraeðideild Háskóla Íslands. Hún ætlar að ræða ástandið í bandarískum stjórnmálum og svarar spurningum úr sal.

Allir velkomnir
Stjórnin



Hækkuðu launin, vilja svo samanburð við aðra

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í bæjarráði óskuðu eftir upplýsingum um hlutfallslega þróun launa kjörinna fulltrúa í Hafnarfirði frá því áður en laun þeirra voru lækkuð 1. janúar 2009 og til 1. sept. 2016. Einnig að birtur verði sam-

anburður á launaþróun kjörinna fulltrúa og annarra starfsmanna sveitarfélaga á sama tímabili. Þá vilja þeir samanburð við 5 stærstu sveitarfélög landsins utan Reykjavíkur. Meirihluti bæjarstjórnar hækkaði nýlega laun sín verulega.

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! Frítt söluverðmat

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala

sími 896 6076
as@remax.is

RE/MAX

FJÖRÐUR



Ársæll Steinmóðsson
aðst.m. í lögg.námi



Páll B. Guðmundsson
löggitur fasteignasali

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900

Knattspyrna

Sara áfram með Haukum



Halldór Jón Garðarsson, formaður meistaraflokksráðs kvenna og Sara Rakel.

Sara Rakel S. Hinriksdóttir, fyrirlíði meistaraflokks kvenna í knattspyrnu hjá Haukum, hefur endurnýjað samning við félagið.

Sara, sem er á 27. aldursári, og var valin knattspymumaður Hauka eftir síðasta keppnistímabil spilaði sinn fyrsta leik fyrir félagið árið 2004. Sara á að baki 136 leiki fyrir Hauka og hefur

skorað 10 mörk en hún spilar í hjarta varnarinnar.

Halldór Jón Garðarsson, formaður meistaraflokksráðs kvenna hjá Haukum, kveðst afar ánægður með að Sara hafi endurnýjað samning enda sé hún afar mikilvægur leikmaður og félagi í Haukafjölskyldunni

ØLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5aBoltinn í beinni og lifandi
tónlist allar helgar.Tilvalinn staður fyrir
einkasamkvæmi stærri
og smærri hópa.Happy Hour alla daga
frá kl. 16 til 19 og fleiri
flott tilboð á barnum.**ØLSTOFA**

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200Mikil sala, vantar
allar eignir á skrá,
frítt söluverðmat.Verðmetum
samdægurs.Sanngjörn
sölupóknun.**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Auglýsingarsímar
565 3066
896 4613gudni@
fjarðarfrettir.isÞannig nærðu
best til
Hafnfirðinga!

Ný Króna á Norður- hellu?

Festi fær stóra lóð
undir
verslunarhúsnæðiBæjarráð hefur samþykkt að
leggja til við bæjarstjórn að
Festi ehf. verði úthlutað lóðinni
Norðrhellu 1. Er þetta á mjög
góðum stað á Völlum, á
mótum Ásbrautar og Hraun-
hellu.Skv. umsókninni er ætlunin
að byggja þar verslunarhúsnæði
en Festi rekur m.a. verslanir
Krónunnar, Elko, Intersport og
Nóatún.

Laugar á Tjarnar- velli

Þá hefur bæjarráð einnig
samþykkt að leggja til við
bæjarstjórn að Laugum ehf.
verði úthlutað lóðin Tjarnar-
velli 7 undir heilsuræktarstarf-
semi. Virðist sem baráttan á
heilsuræktarmarkaðnum sé að
aukast því að ekki er langt síð-
an Reebok fitness opnaði stöð á
Tjarnarvöllum og líka í
Ásvallalaug. Tjarnarvelli 7
eru skáhallt á móti Ásvalla-
laug, við hringtorgið við
Ásbraut.

Sundknattleikur, myrkur og risabolti í Ásvallalaug


Frítt var í sund og fjölmargir prófuðu sundknattleik og en fleiri fóru inn í plastbolta



Ljóm: Guðni Glásson

Sundlauganótt var haldin í Ásvallalaug
sl. laugardag kl. 18-23 og var frítt í sund.
Er þetta hluti af Vetrarhátíð sem haldin var
á höfuðborgarsvæðinuGestir upplifðu einstaka kvöldstund í
Ásvallalaug þar sem ljós, myrkur og gleði
voru allsráðandi – allt í tilefni af
Vetrarhátíð.Anddyri Ásvallalaugar og litla laugin
eru lýst upp í norðurljósalitum og boðið

Biðröð myndaðist eftir því að komast í risibolta til að rúlla á sundlauginni.



Ljóm: Guðni Glásson

Mladen Tepavcevic sundþjálfari.

uppá sundknattleik, skemmtiatriði úr
félagsmiðstöðvum og vatnabolta þar sem
gestir fengu að fara inn í uppblásinn
plastbolta og veltast um í lauginni.Blaðamaður Fjarðarfréttar kíkti við með
myndavélina.

Ljóm: Guðni Glásson